



Aðföng
Sjálfbærniuppgjör

2021

Aðföng
Skútuvogi 7, 104 Reykjavík
Kt. 4501993469

Yfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra	3
Sjálfbærniuppgjör	4
Skipulags- og rekstrarmörk	5
Lykilþættir	6
Uppgjör	7
Rekstrarþættir	7
Losunarbókhald	8
Umhverfisþættir	9
Umhverfisstjórnun	10
Aðferðafræði	11
Skilgreiningar	12
Skýringar	13

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra

Umhverfisuppgjör Aðfanga fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Aðföng notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast umhverfismálum.

Framkvæmdastjóri staðfestir hér með umhverfisuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember, 2021, með undirritun sinni.

27. maí 2022, Reykjavík.

Lárus Óskarsson
Framkvæmdastjóri, Aðföng

Sjálfbærniuppgjör

Sjálfbærniuppgjör Aðfanga fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Klappir hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörins, sem byggist á þeim upplýsingum sem Klappir hugbúnaðurinn hefur safnað saman yfir árið.

Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Aðfanga. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar: Viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi.

Gögn Aðfanga eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund og nákvæmstu upplýsingum hverju sinni, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

27. maí 2022, Reykjavík.



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir

Skipulags- og rekstrarmörk

Um fyrirtækið

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnótendamarkaði. Sögu fyrirtækisins má rekja aftur til ársins 1993 þegar það hóf starfsemi í Suðurhrauni 1 í Garðabæ. Í september 1998 fluttist fyrirtækið í Skútuvog 7 í Reykjavík. Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Bónus, Hagkaups og Olís. Að jafnaði starfa um 165 manns hjá Aðföngum.

Skipulagsmörk

Við gerð losunaruppgjörs Aðfanga hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtækið grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Undir uppgjör Aðfanga fellur rekstur eftirfarandi lögaðila:

- Aðföng

Rekstrarmörk

Umfang 1

Eldsneytisnotkun farartækja

Umfang 2

Raforkunotkun

Hitaveita

Umfang 3

3.5. Úrgangur frá rekstri

3.6. Viðskiptaferðir

Lykilþættir

Árið 2021 var í góðum takti við árið að undan hvað varðar athygli sem umhverfi- og sjálfbærnimál fengu hjá Aðföngum.

Nýlegar pökkunarvélar í Ferskum kjötvörum, kjötvinnslu Aðfanga, heldu áfram að sanna gildi sitt hvað varðar minni umbúðanotkun og bætt geymsluþol. Með bættu geymsluþoli er dregið úr matarsóun og gerð umbúðanna leiðir af sér minni plastnotkun og auðveldari flokkun endurvinnsluefna.

Með nýju hjólaskýli við starfsstöð Aðfanga við Skútuvogi var hvatt til umhverfisvænni ferðamáta starfsmanna, bæði með eigin afli og rafmagni þar sem starfsmenn geta hlaðið batterí rafhjóla og -hlaupahjóla á vinnutíma. Ýmis batterísknúin vinnutæki voru endurnýjuð og þá valin með batteríum sem teljast öruggari og umhverfisvænni. Á árinu var skipt út fjórum fólksbílum knúnum jarðefnaeldsneyti fyrir aðra fjóra sem ýmist eru 100% rafmagnsknúinir eða s.k. "hybrid"bílar.

Loftræsing á skrifstofum Aðfanga við Skútuvog var endurbætt á þann máta að loft er forhitað miðlægt og dreift um rýmið með það að markmiði að skapa jafnari og þægilegri hita í vinnurýmum.

Með tæknilausnum voru næstu skref tekin á árinu og verulega dregið úr notkun fylgibréfa á pappírformi hjá fyrirtækinu. Minna var um ferðalög starfsmanna, sem teljast má jákvætt á sinn hátt, en þess í stað notaðar tæknilausnir á borð við TEAMS fjarfundi - bæði við birgja og viðskiptavinum heima og erlendis.

Kolefnisuppgjör (E1)

Árið 2021 nam heildarlosun Aðfanga 439,2 tonnum koltvísýringsígilda (tCO₂-íg) og hefur hún því dregist saman um 6,7% frá grunnári. Losun samanlagðra umfanga 1 og 2 nam 289,3 tCO₂-íg. Samdrátt á losun Aðfanga á milli ára má að stærstu leiti rekja til minni notkunar jarðefnaeldsneytis og árangurs á sviði úrgangsmála.

Losunarkræfni (E2)

Losunarkræfni starfsmanna nam 3,2 tCO₂-íg/stöðugildi, og hefur því dregist saman um 32,6% frá grunnári.

Orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun Aðfanga nam 6.890.003 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun.

- Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 5.969.517 kWh.
- Bein orkunotkun vegna eldsneytisnotkunar bifreiða nam 920.486 kWh, og hefur því lækkað um 7,7% frá grunnári.

Úrgangur

Heildarmagn úrgangs frá rekstri Aðfanga árið 2021 nam 436.153 kg, sem er 9,3% lækking frá grunnári.

- Endurvinnsluhlutfall Aðfanga var 40,2%
- Magn úrgangs til urðunar var 22,4% minna árið 2021 en 2019
- Flokkunarhlutfall Aðfanga hefur hækkað úr 68,6% árið 2019 í 78,7% árið 2021

Kolefnisbinding

Aðföng fjárfesti í mótvægisáðgerðum með skógrækt á vegum Kolviðar. Kolefnisbinding Aðfanga fyrir árið 2021 nemur 440 tCO₂-íg, og mun fara fram með gróðursetningu 4.400 trjáa.

Uppgjör

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2019	2020	2021
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	99,0	144,4	137,0
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m ²	17.939,0	22.378,0	15.801,6

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020	2021
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ /MWst	82,45	76,12	63,75
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ /stöðug	4.754,3	3.353,8	3.206,2
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ /m ²	26,24	21,64	27,80

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4|SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkukræfni	Eining	2019	2020	2021
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	57.661,8	44.060,4	50.292,0
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	318,2	284,3	436,0

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Úrgangskræfni	Eining	2019	2020	2021
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	4.858,6	3.311,3	3.183,6

Losunarbókhald

Mótvægisáðgerðir	Eining	2019	2020	2021
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	300,5	483,7	440
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	300,5	483,7	440

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2019	2020	2021
Umfang 1	tCO ₂ í	257,0	259,3	232,0
Umfang 2 (landsnetið) [1]	tCO ₂ í	43,9	51,1	57,3
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	300,9	310,4	289,3
Umfang 3	tCO ₂ í	169,8	173,9	149,9
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO ₂ í	470,7	484,3	439,2

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Umfang 1 - Samsetning losunar	Eining	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	257,0	259,3	232,0
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	257,0	259,3	232,0

Umfang 2 - Samsetning losunar	Eining	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	43,9	51,1	57,3
Rafmagn	tCO ₂ í	22,8	25,1	28,5
Hitaveita	tCO ₂ í	21,1	26,0	28,8

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Eining	2019	2020	2021
<i>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	164,3	172,8	149,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	164,3	172,8	149,9
<i>Flokkur 6: Viðskiptaferðir</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	5,5	1,1	
Flugferðir	tCO ₂ í	5,5	1,1	

Umhverfispættir

Orkunotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	5.708.523	6.362.317	6.890.003
Jarðefnaeldsneyti	kWst	998.110	1.030.353	920.486
Rafmagn	kWst	2.325.379	2.393.966	2.716.744
Hitaveita	kWst	2.385.034	2.937.998	3.252.773
Bein orkunotkun	kWst	998.110	1.030.353	920.486
Óbein orkunotkun	kWst	4.710.413	5.331.964	5.969.517
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management				

Orkusamsetning	Eining	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	5.708.523	6.362.317	6.890.003
Jarðefnaeldsneyti	%	17,5%	16,2%	13,4%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	82,5%	83,8%	86,6%
Kjarnorka	%	0,0%	0,0%	0,0%
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management				

Eldsneytisnotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildareldsneytisnotkun	kg	83.819	86.568	77.316
Bensín	kg	7.326	6.024	6.178
Díselolía	kg	76.493	80.543	71.137

Vatnsnotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildarvatnsnotkun	m ³	77.513,4	91.105,2	94.971,0
Kalt vatn	m ³	36.392,1	40.450,0	38.888,7
Heitt vatn	m ³	41.121,3	50.655,1	56.082,3
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management				

Samsetning raforku	Eining	2019	2020	2021
Heildarnotkun raforku	kWst	2.325.379	2.393.966	2.716.744
Jarðefnaeldsneyti	%			
Endurnýjanlegir orkugjafar [2]	%	100%	100%	100%
Kjarnorka	%			

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	481.004	478.145	436.153
Flokkaður úrgangur	kg	329.776	334.063	343.053
Óflokkaður úrgangur	kg	151.228	144.082	93.100
Endurunnin úrgangur	kg	145.052	160.800	175.317
Úrgangi fargað	kg	335.952	317.345	260.836
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	68,6%	69,9%	78,7%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	30,2%	33,6%	40,2%

Umhverfisstjórnun

Umhverfisstarfsemi	Eining	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	-	-	-
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-	-
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-	-
Nasdaq: E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management				

Loflagseftirlit	Eining	2019	2020	2021
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-
Nasdaq: E8, E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A/B)				

Mildun loftlagsáhættu	Eining	2019	2020	2021
Heildar fjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	30,27	58,90	38,88
Nasdaq: E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)				

Aðferðafræði

Við útreikninga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri.

Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun:

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Aðfanga.

Koltvísýringsígildi

Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO₂i). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan (CH₄) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N₂O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum. Uppgjörð tekur því tillit til allra gróðurhúsalofttegunda og er losun birt í tonnum CO₂ ígilda.

Skilgreiningar

Losunarkræfni

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂í á einingu (svo sem tCO₂í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Bein og óbein orkunotkun

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

Orkukræfni

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Úrgangskræfni

Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

Umfang 2 (landsnet)

Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð út frá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

Úrgangur frá rekstri

Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

Viðskiptaferðir

Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

Orkustjórnunarkerfi

Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.

Skýringar

- [1] Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar byggjast á meðallosun frá framleiðslu rafmagns á Íslandi, sem birt er í Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (Icelandic National Inventory Report) og er gefin út af Umhverfisstofnun.
- [2] Samkvæmt vottorðum um upprunaábyrgðir frá raforkusólum, keypti Aðföng 100% endurnýjanlega orku árin 2019, 2020 og 2021.